



Reglur Grímsnes- og Grafningshrepps um skólaakstur í grunnskóla

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Reglur um skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshrepp eru byggðar á reglum um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi.

Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili.

Skólastjóri er tengiliður sveitarfélagsins við skólabílstjóra.

2. gr.

Ábyrgð

Grímsnes- og Grafningshreppur ber ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3. gr.

Skipulag skólaaksturs

Grímsnes- og Grafningshreppur skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem við á og frá Sólheimum. Skal akstursleið milli heimilis og skóla ekki vera minni en 1,5 km. svo lengi sem gönguleið er örugg.

Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni.

Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla.

Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur hjá hverju barni.

Séu umhverfisaðstæður með þeim hætti að ekki er ástæða til að óttast um öryggi og velferð nemenda er heimilt að skipuleggja skólaakstur með þeim hætti að skólabifreið aki samkvæmt áætlun og stöðvi á tilgreindum biðstöðvum.



Ekki er heimilt að taka aðra farþega í skólabílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra eða sveitarstjóra.

Skólastjóri skal leita eftir því að sá bílstjóri sem skv. tilboði hefur forgang til aukaaksturs, s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða, taki að sér slíkan akstur en hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum, sé áður nefndur bílstjóri ekki tiltækur.

Sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn Skólanefndar, reglur um fyrirkomulag skólaaksturs er taki m.a. mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, aldri þeirra, samsetningu nemendahóps og umhverfisaðstæðum.

4. gr. Akstursáætlun

Daglegur skólaakstur er í samræmi við samninga um skólaakstur sem í gildi eru hverju sinni.

Skólastjóri vinnur skólaakstursáætlun fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan, fjölda barna, öryggi þeirra og vegalengd milli heimilis og skóla. Skólastjóra er heimilt að breyta fyrirkomulagi skólaaksturs þannig að verktaki geti ekið öðrum börnum heim en þeim sem komu með honum í skóla um morguninn. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun eða fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.

Skólastjóri skal fyrir upphaf hvers skólaárs birta endurskoðaða áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráði Kerhólsskóla sbr. 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og leggja fram til kynningar í Skólanefnd.

Áætlun um skólaakstur skal vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu skólans.

5. gr. Öryggi farþega

Bílstjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrir en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Öll börn sem eru lægri en 135 cm á hæð skulu ávallt vera í bílstól sem hæfir hæð þeirra og þyngd. Bílstjóri útvegar viðeigandi öryggisbúnað.

Bílstjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber skólastjóra um slíkar breytingar án tafar.



Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Skólastjóri metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið í samráði við sveitarstjóra með hliðsjón af öryggi og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Bílstjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

6. gr. **Fatlaðir nemendur**

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla, skv. 13. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þeim að kostnaðarlausu.

7. gr. **Öryggi og búnaður skólabifreiða**

Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörn samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma.

Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera farsími.

Hitastig er börn koma í bílinn í upphafi ferðar skal vera viðunandi.

8. gr. **Bílstjóri skólabifreiðar**

Bílstjóri skólabifreiðar skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Bílstjórar skólabíla skulu ekki vera eldri en 70 ára. Beiðni um undanþágu frá þessu ákvæði skal beint til sveitarstjórnar og skal umsögn skólastjóra fylgja.

Óheimilt er að ráða bílstjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008.



Bílstjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og eftir atvikum foreldra.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bílstjóra skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins. Undirritað skal viðeigandi trúnaðaryfirlýsing þess efnis.

9. gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá hlutaðeigandi skólastjóra eða sveitarstjórn.

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 29. júní 2023.